

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

skólaárið 2017-2018





Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2017-2018 Að verða betri í dag en í gær

Litla upplestrarkeppnin hófst formlega í áttunda sinn haustið 2017. Að þessu sinni má segja að keppnin sé orðin landsverkefni þar sem tæplega þrjú þúsund nemendur í 4. bekkjum á landinu tóku þátt. Litla upplestrarkeppnin hófst í Hafnarfirði á 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar en verkefnið var mótað með kennurum sem þá kenndu fjórða bekk en undirrituð stýrði þeirri vinnu.

Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin þar sem ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni, allir nemendur eru með í liðinu, allir koma fram á lokahátíð og allir fá viðurkenningarskjal í lokin.


Kennarar sem hafa tekið þátt eru sammála um mikilvægi Litlu upplestrarkeppninnar og vekur hún bæði ánægju, eflir sjálfstraust og bætir lestrarfærni.

Mikil áhersla er lögð á samvinnu við heimilin og kennarar hvattir til að upplýsa foreldra um keppnina og í hverju verkefni sé fólgið. Flestir foreldrar þekkja Stóru upplestrarkeppnina og því er nauðsynlegt og þarf að vera alveg ljóst frá upphafi að þó markmiðin séu þau sömu þá er verkefnið lagað að yngri nemendum og öll nálgun bæði á ræktunartímabilinu og á lokahátíð með öðrum hætti.

Þá er áriðandi að hafa það í huga að keppnishugtakið í þessu verkefni felur einungis í sér að verða betri í lestri og framkomu í dag en í gær og það er mikilvægt að geta bæði keppt að betri árangri og sett sér markmið án samkeppni við aðra en sjálfan sig. Með auknum aldri og þroska verða nemendur betur í stakk búnir til að bera sig saman við aðra og vilja þá gjarnan keppa við félagana.

Allir hafa áhyggjur af lestrarfærni nemenda og Litla upplestrarkeppnin er einungis hugsuð sem stuðningur við þær aðferðir og vinnu sem er í gangi hjá kennurum hverju sinni. Sú aðferð sem virðist þó vekja mikla gleði og samkennd nemenda er talkórinn. Það má því með sannni segja að það hlýtur að haldast í hendur að lesa bæði sér til gagns og gamans.

Hafnarfirði á haustdögum 2018.


Verkefnisstjóri og form. Radda, samtaka um
vandaðan upplestur og framsögn.

Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2017-2018

Að verða betri í dag en í gær

Til foreldra barna í 4. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk er greinilega búin að festa sig í sessi og vekur ánægju og sýnir miklar framfarir hjá nemendum.

Markmiðið er ávallt að auka lestrarfærni og bæta upplestur og er rétt að undirstrika að hugtakið keppni í þessu tilviki felur ekki í sér að keppa við aðra heldur að verða betri í lestri í dag en í gær.


Undirbúinn upplestur þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember, en þá fer verkefnið formlega af stað í skólunum, og fram í apríl. Allir nemendur í bekknum/árganginum eru með í verkefninu og kennarar munu leitast við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í formi samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjal.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning.

Einkunnarorðin eru: VANDVIRKNI - ÁNÆGJA - VIRÐING

Ingibjörg Einarsdóttir, verkefnisstjóri hefur umsjón með verkefninu.

Litla upplestrarkeppnin



Viðurkenning

hefur tekið þátt í
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk
skólaárið 2017- 2018.

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

Fyrir hönd Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn,

Ingibjörg Einarsdóttir

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk
Skólaárið 2017-2018

Lokahátíð í apríl 2018

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, raðað í fallegar raðir, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum. Gestir boðnir velkomnir, skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, hvenær hún hófst í Hafnarfirði og svo á viðkomandi svæði og hver markmiðin eru. Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast. Möguleiki að kynna höfunda í upphafi frekar en við hvert atriði.

Dagskrá

1. Tónlistaratriði (gæti verið söngur eða eitt lag spilað á hljóðfæri)
2. Þula, *Nautamál á nýársnótt*
4. Texti úr bókinni *Emil og Skundi* (Guðmundur Ólafsson)
5. Söguljóð, *Halla* (Steinn Steinarr)
6. Dísa ljósálfur (þýðing úr hollensku)
7. Þula, *Ekki stunda einelti* (Kristján Hreinsson)
8. Gestalesari úr 7. bekk, fulltrúi skólans úr Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars, lesið ljóð sem nemandinn flutti á viðkomandi lokahátíð.
9. Texti, *Einkennilegur piltur*
10. Tónlistaratriði
11. Ljóð, *Mýsla tísla* (Margrét Jónsdóttir)
12. Þula, *Dýrapula* (Kristján Hreinsson)
(skoða líka Mánaðapulu í lesefni 2017 og/eða Köttur og mús 2017)
13. Texti, þegar *Bakkabræður rugluðu saman fótunum*.
14. Ljóð, *Kurteisi* (Kristján Hreinsson) (skoða t.d. Glaðlyndi o.fl. frá fyrri árum)
15. Orð (Þórarinn Eldjárn)

Nautamál á nýársnótt

- (tveir lesarar) Sól skín á fossa,
segir hún Krossa.
- (bætast við tveir) Hvar á að tjalda,
segir hún Skjalda.
- (bætast við tveir) Suður við ána,
segir hún Grána.
- (bætast við tveir
eða fleiri) Ég skal snjónum spyrna,
segir hún Hyrna.
- (enn fjölgar) Ég skal eta í mína hit,
segir hún Hvít.
- (enn fjölgar) Ég skal mjólka minna,
segir hún Dimma.
- (enn fjölgar) Ég skal standa innar,
segir hún Kinna.
- (enn fjölgar) Ég skal mjólka svo freyði,
segir hún Reyður.
Mér þykir góður ruddi,
segir hann Tuddi.
Ég skal éta sem ég þoli,
segir hann stóri Boli.
Ég skal éta sjálfur,
segir hann litli kálfur.
Ég þoli illa hungur,
segir vetrungur.
- (hér eftir allir) Boli bankar á dyr
og spyr að Skjöldu sinni.
Segðu mér það Mangi minn,
hvort hún er hér inni.
Boli bankar á dyr
með bandinu langa.
Láttu ekki griðunginn
stanga þig Manga.

Emil (Guðmundur Ólafsson)

Lesari

Hann hét Emil Þrastarson, tíu ára gamall, yrði ellefu eftir þrjá mánuði. Hann hafði verið uppi í Hlíðum hjá Alla og hjólaði rólega heim á leið vestur í bæ. Hann og Alli höfðu einu sinni búið í sama húsi, þar sem Emil bjó ennþá.

Lesari

En svo höfðu foreldrar Alla keypt sér nýtt hús í Hlíðunum fyrir einu ári. Þó svona langt væri orðið á milli þeirra héldu þeir enn vináttunni sín í milli.

Lesari

Það var tiltölulega hlýtt og logn í Reykjavík. Hann hjólaði eftir Miklubrautinni upp á gangstéttinni til að verða ekki fyrir bílaumferðinni sem tók ekki alltof mikið tillit til hjólreiðamanna. Hugsanir hans snerust um hvolpinn sem hann ætlaði að fá að kaupa. Ef ... ef pabbi hans og mamma leyfðu.

Lesari

Tvö þúsund-og fimm hundruð krónur! Þau töluðu mikið um það hvað þau væru alltaf blönk. Sögðu að allt færi í þetta hús sem þau voru að basla við að koma sér upp.

Lesari

Tvö þúsund og fimm hundruð krónur! Hann ætlaði að gá í sparibaukinn, en þar var nú ekki mikið, vissi hann. Bara að þau vildu gefa honum hvolp. En það var ekki víst. Svo var mamma eitthvað á móti gæludýrum. Sagði að þau ættu að vera í náttúrulegu umhverfi en ekki í steinsteypum borgum.

Lesari

Emil var nú kominn að Hljómskálagarðinum. Hann steig af hjólinu og leiddi það inn í garðinn. Hann fór að „Steinafjallinu“. Það var sérstakur staður í garðinum, þar sem hnallungs steinum hafði verið hrúgað saman. Þau höfðu svo oft farið þangað þegar hann var lítill, hann pabbi og mamma og skemmt sér saman.

Lesari

Hann hafði alltaf kallað hrúguna Steinafjallið og það hafði fest í tali þeirra á heimilinu. Eigum við ekki að skreppa á „Steinafjallið“, hafði pabbi kannski sagt og síðan fóru þau með nesti og bolta og dvöldu stundum tímunum saman, ef gott var veður.

Lesari

Hann lagðist í grasið og horfði upp í himininn. Hann var að hugsa um hversu margt hafði breyst upp á síðkastið. Nú fóru þau aldrei í Hljómskálagarðinn til að leika sér í fótbolta eða í skýjaleik, en sá leikur var þannig að þau lögðust í grasið og einn horfði upp í himininn og bjó til sögu úr skýjamyndunum sem birtust þar og sagði hinum sem lágu með lokuð augun.

Lesari

Skyndilega hrökk hann upp. Hafði hann sofnað? Hann var ekki alveg viss en þegar hann leit á klukkuna sá hann að hún var orðin átta. Hann hlaut að hafa dottað.

HALLA (Steinn Steinarr) Vel má hugsa sér að skipta ljóðinu eins og sýnt er síðar. Þá getur líka víða hentað að fleiri en einn lesi hvert erindi.

Lesari 1

Það var einu sinni stelpa,
og Halla nefndist hún,
hláturmild og lagleg
og létt undir brún.

Lesari 2

Hjá afa sínum bjó hún
og ærslaðist og hló,
en hann var mesti garpur,
og fast hann sótti sjó.

Lesari 3

Síst ber því að neita,
að sögur kunni hann,
því sjálfsagt hefur ýmislegt
hent svona gamlan mann.

Talkór

Það þarf um margt að hugsa
í þorpi út við sjó.
Og hvað mikið sem fiskast,
það fiskast aldrei nóg.

Lesari 4

Það þarf svo margt að kaupa,
þetta þurrabúðar fólk,
tóbak, kaffi og sykur
og sætabrauð og mjólk.

Lesari 5

Og því er um að gera
að slá ei slöku við,
en rífa sig á fætur
og róa út á mið.

Lesari 6

Hún undi sér í landi,
þegar afi fór á sjó,
og meðan hann var burtu,
hún margan þyrskling dró.

Talkór

Hún settist niður á bryggju
og beitti öngul sinn.
Og rauðar hafði hún varir,
og rjóð var hún á kinn.

Lesari 7

Og strákarnir, sem sáu,
hve stóran fisk hún dró,
þeir sögðu alveg hissa:
hún er svei mér aflakló.

Lesari 8

Svo gerðist það um vorið,
að bát að landi bar
handan yfir fjörðinn,
og Halla tók sér far.

Lesari 9

Og afi hennar sagði:
Þú ert ekki nógu feit.
Það er mér nokkurt kappsmál
að koma þér í sveit.

Talkór

Hver þráir ekki blæinn
og blómofin tún.
Og það má geta nærri,
að þetta vildi hún.

Lesari 10

Hvað kýst þú annað fremur
en fjörugan hest?
Og Halla litla er ánægð
sem á henni sést.

Lesari 11

Í sveitinni er fólkið
svo fasmilt og hljótt,
og þangað margur hefur
sína hamingju sótt.

Talkór

Hátt lyftir jökullinn
höfði yfir drótt.
Og fljótið milli bakkanna
fellur þungt og mótt.

Lesari 12

Halla smalar fénu
og hrós hjá öllum fær.
Skrítnar eru kindurnar
og skelfing jarma þær.

Lesari 13

En oft kemur það fyrir,
þó ótrúlegt sé,
að sumir verða leiðir á
að snúast kringum fé.

Lesari 14

Það sest að manni tregi
og sorg um hugann fer,
mann langar heim í þorpið,
þar sem afi manns er.

Talkór

Halla er dugleg stúlka,
og af ráðum er hún rík.
Hver vill leika eftir henni
ævintýri slík?

Hægt að skipta ljóðinu hér ef það reynist of langt. Fer t.d. eftir stærð hópa.

Lesari 15

Að vísu er margs að gæta,
og vont er oft í sjó.
og engan skyldi furða,
þótt einhver fengi nóg.

Lesari 16

Og engan skyldi furða,
þó að okkur setji grát
á hafsins trylltu öldum
í áralausum bát.

Lesari 17

Og þegar illa horfir
og hættan virðist stærst,
af hverju sem það stafar,
er hjálpin alltaf næst.

Talkór

Þótt aðrir hræddust storminn
og stórsjóa brot,
afi gekk til strandar
og ýtti bát á flot.

Lesari 18

Hann reri út í storminn
og særokið svalt.
Og Höllu gat hann bjargað,
því hann getur allt.

Lesari 19

Svo tók hann hana í fang sér
og flutti heim til sín
og sagði: Nú skall hurðin
nærri hælum, kelli mín.

Lesari 20

Og Halla gekk til sængur
og segir býsna fátt.
Á stólnum situr afi
og strýkur skeggið grátt.

Talkór

Og Höllu litlu svefninn
sér í arma tók.
Þannig lýkur sögunni
og þessari bók.

Dísa ljósálfur (þýðing úr hollensku)

Upphaf sögunnar

Lesari 1

Það var einu sinni seint um kvöld þegar sólin var að ganga til viðar að skógarhöggismaður nokkur var á leið heim til sín. Hann hafði lokið dagsverki sínu og gekk nú heim skógargötuna.

Lesari 2

Allt í einu heyrði hann grát og kveinstafi skammt frá sér. Hann gekk inn í skóginn til þess að forvitnast um hver þarna væri. Og hvað sá hann? Á lítilli trjágrein sat stúlka sem var lítið stærri en fingur manns.

Lesari 3

Skógarhöggismaðurinn sá undir eins að þetta var lítill ljósálfur því að litla stúlkan var með örlitla vængi á bakinu og gullna stjörnu í hárinu.

Lesari 4

„Ó, hvað ég gat verið vitlaus,“ sagði hún. „Ég get ekki flogið og þó hef ég reynt það. Og nú er mamma farin að heiman! Góði vinur! Lyftu mér hér upp á næstu grein, þar eigum við heima.“

Lesari 1

Skógarhöggismaðurinn tók litla álfinn milli fingra sér, bar hann upp að nefinu og starði á hann: „Jæja, þú ert þá ljósálfur!“ sagði hann.

Lesari 2

Nú fer ég með þig heim og svo ætla ég að sýna þig fyrir peninga og græða og þá verð ég ríkur!“ Og það var sama hvað litli ljósálfurinn sagði, skógarhöggismaðurinn stakk honum í vasa sinn og hélt heimleiðis.

Lesari 3

„Sjáðu hvað ég fann!“ kallaði hann til konu sinnar. „Á þessu getum við grætt mikið og þá er öllu okkar basli og bágindum lokið!“

Lesari 4

Svo fékk hann sér krít og skrifaði á útihurðina: „Hér er raunverulegur ljósálfur til sýnis!“ Nú streymdi fólk þangað, en Dísu litlu – því svo hét ljósálfurinn – þótti ekkert gaman að láta fólk glápa á sig.

EKKI STUNDA EINELTI (Kristján Hreinsson) (hægt að skipta á marga vegu á milli lesara, hér eru tillögur)

- Lesari 1 Hið góða leynist gjarnan í
2 gleði vinafunda,
1 en einelti er eitt af því
2 sem enginn þarf að stunda.
- Lesari 3 Stundum vilja strákar fá
4 að stríða eða meiða
3 og vekja öllum hinum hjá
4 hryllilegan leiða.
- Lesari ? Og stundum vilja stelpur helst
? stríða minnimáttar
 en virkilega vont það telst,
 þær verða ekki sáttar.
- Talkór** Hjá okkur lifir hugsun hlý,
 við höfum margt að dunda,
 en einelti er eitt af því
 sem enginn þarf að stunda.
- Lesari 3 Við erum stundum óþekkt hér,
4 við illa viljum láta
3 en það er sárt og þraut það er
4 ef þurfa börn að gráta.
- Lesari 5 Og auðvitað er ekki fínt
6 ef okkur meiða hinir,
5 en gott er það að geta sýnt
6 að góðir eru vinir.
- Talkór** Yndið fagra enn á ný
 í okkur þarf að blunda,
 en einelti er eitt af því
 sem enginn þarf að stunda.

Lesari Ef einum virðist vera kalt
við veitum honum hlýju
og viljum helst að yndið allt
hér eignist hann að nýju.

Lesari Við getum ekki aðra dæmt
inn í kaldan skugga.
Ef lífið er hjá einum slæmt
við ættum hann að hugga.

Talkór Þótt fylgi okkur ógnarský
skal áfram veginn skunda.
En einelti er eitt af því
sem enginn þarf að stunda.

Lesari Ef einhver krakki einn og sár
með engum verið getur
þá þurfum við að þerra tár
því það mun virka betur.

Lesari Þegar bjátar eitthvað á
og einelti við sjáum
við skulum segja fólki frá
því fegurð helst við þráum.

Talkór Hið góða leynist gjarnan í
gleði vinafunda,
en einelti er eitt af því
sem enginn þarf að stunda.

Einkennilegur piltur (skipting milli lesara fer eftir stærð hópa)

Sögumaður

Maður nokkur kom kjagandi eftir veginum og ók á undan sér hjólbörum sem í var rúgtunna. Hann var að fara til myllunnar með rúginn til mölunar. Hann mætti öðrum manni og gaf sig á tal við hann.

Lesari

Góðan daginn! Er vegurinn góður?

Lesari

Veit það ekki. Ég smakkaði ekki á honum.

Lesari

Var myllan í gangi?

Lesari

Ja, ég mætti henni ekki.

Lesari

Þú ert einkennilegur piltur.

Lesari

Ég er enginn piltur, því að ég er kvæntur maður. Og ég er búinn að vera kvæntur í tuttugu ár.

Lesari

Það er ágætt.

Lesari

Nei, það er ekki ágætt

Lesari

Því þá ekki?

Lesari

Konan er svo skrambi gömul.

Lesari

Það var afleitt.

Lesari

Nei, það var ekki svo afleitt.

Lesari

Því þá ekki?

Lesari

Vegna þess að hún átti bæði hús og peninga.

Lesari

Það var þó ágætt.

Lesari

Nei, ekki var það ágætt, því það var svo mikið af smápeningum innan um.

Lesari

Slæmt var það.

Lesari

Nei, það var ekki svo ýkja slæmt, því að ég keypti mér fjögur alisvín fyrir smápeninginn.

Lesari

Það var ágætt.

Lesari

Nei, það er ekki hægt að segja að það hafi verið ágætt, því þegar konan var að bræða fituna af svínunum kveikti hún í húsinu svo að það brann til ösku.

Lesari

Það var afleitt.

Lesari

Nei, það var ekki afleitt, því að ég eignaðist nýtt hús í staðinn.

Lesari

Það var ágætt.

Lesari

Nei, það var ekki ágætt heldur því að þegar gamla konan mín var að skoða nýja húsið, datt hún niður stiga og hálsbrotnaði.

Lesari

Það var afleitt.

Lesari

Nei, það var ekki afleitt, því að þá fékk ég mér nýja og unga konu.

Lesari

Það var ágætt.

Lesari

Nei, það var ekki ágætt, því að henni líst betur á ungu piltana en mig.

Lesari

Það var afleitt.

Lesari

Já, það var afleitt. Vertu sæll.

Mýsla tísla (Margrét Jónsdóttir) (margir möguleikar á skiptingu á milli lesara)

Lesari 1 Mýsla tísla í músarholu býr
Langt úti í móa.
Mýsla tísla, hún er lítið skrítið dýr,
langt úti í mó.
Mýsla tísla nagar, gnagar ber.
Mýsla tísla er kát og leikur sér.
Mýslu líður vel í móa.

Lesari 2 Mýsla tísla á músabörninn smá
langt úti í móa.
Mýsla tísla er mjög á fæti frá
langt úti í mó.
Mýslu tíslu kisa gamla sá.
Mýslu tíslu kisa vildi ná.
Mýsla hvarf í holu sína.

DÝRAPULA (Kristján Hreinsson) (t.d. einn eða tveir sem skiptast á línum)

Lesari Hér færi ég um víðan völl
og varla myndi drolla
og æddi jafnvel upp um fjöll
ef ég væri rolla.

Lesari Í sauðahópnum sæi mig
sérhver labbakútur
því oft ég færi á efsta stig
ef ég væri hrútur.

Talkór **Svo dásamleg er dýrapjóð**
því dýrin eru ljúf og góð.

Lesari Ég hentist yfir hagann fljótt
og hlypi yfir síkin,
ég eflaust væri eftirsótt
ef ég væri tíkin.

Lesari Ég myndi smala heilli hjörð
og helst ei stía sundur
og hlypi upp um ótal börð
ef ég væri hundur.

Talkór **Svo dásamleg er dýrapjóð**
því dýrin eru ljúf og góð.

Lesari Úr fjósi mínu færi ég
ef fengi ég að velja
og oft ég hlypi út á veg
ef ég væri belja.

Lesari Með hornin ávallt upp í loft
eins og trylltur ruddi
ég myndi baula æði oft
ef ég væri tuddi.

Talkór **Svo dásamleg er dýrapjóð**
því dýrin eru ljúf og góð.

Lesari Ég gæti malað, mjálmað hátt
og myndi engan hræða
ég yrði sjálfsagt alltaf sátt
ef ég væri læða.

Lesari Ég myndi klifra upp í eik
eins og Hrói höttur
og ætti kraft í allan leik
ef ég væri köttur.

Talkór **Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari Ég myndi vappa vítt og breitt
um völlinn iðjagræna
og æti korn mitt yfirleitt
ef ég væri hæna.

Lesari Mitt prik ég glaður gæti átt
og garg mitt yrði vani,
ég gala yrði afar hátt
ef ég væri hani.

Talkór **Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Lesari Ég myndi vera mild og góð
og myndi engan skamma,
ég eflaust myndi yrkja ljóð
ef ég væri mamma.

Lesari Ég hugsa myndi hér um dýr
og hætta öllu kvabbi
ég segði ykkur ævintýr
ef ég væri pabbi.

Talkór **Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.**

Þegar Bakkabræður rugluðu saman fótunum

Kynnir eða sögumaður

Á bæ þeim sem á Bakka hét, bjó bóndi einn fyrir löngu. Hann átti þrjá sonu, Gísla, Eirík og Helga. Voru þeir orðlagðir fyrir heimsku Og heimskupör þeirra mjög í frásögur færð.

Lesari 1

Þeim Bakkabræðrum hafði verið sagt að það væri ósköp hollt fyrir þá að gera sér endur og sinnum heitar fótlaugar. En af því að jafnan var þröngt um eldivið hjá þeim, tíndu þeir ekki að hita sér vatn til þess.

Lesari 2

Einu sinni vildi svo vel til að þeir hittu fyrir sér laug eða hver á ferð sinni. Nú hugsuðu þeir gott til glóðarinnar að þeir skyldu fá sér heitar fótlaugar fyrir ekki neitt, tóku af sér skó og sokka og settust hver hjá öðrum í kringum hverinn og höfðu fæturna niðri í.

Lesari 3

Þegar þeir fóru að gæta að þekkti enginn þeirra sína fætur frá hinna. Með þetta voru þeir lengi í stöku ráðaleysi. Þeir þorðu ekki að hreyfa sig, því að þeir vissu ekki nema þeir kynnu að taka skakkt til og taka hver annars fætur og sátu þeir svo þangað til að þar bar að ferðamann. Þeir kölluðu til hans og báðu hann í öllum bænnum að þekkja í sundur á þeim fæturna.

Lesari 4

Maðurinn gekk til þeirra og sló með stafnum sínum á lappirnar á þeim og kannaðist þá hver við sínar.

Kurteisi (Kristján Hreinsson)

Lesari	1	Ef er ég í einhverjum vafa
	2	og erfið mér kurteisin finnst
	1	þá vil ég í hávegum hafa
	2	þá hugsun sem kostar mig minnst.
	3	Ég sé það ef hógværð ég safna
	4	að samviskan er ekki blind
	3	og hugsun mín hlýtur að dafna
	4	í háttvísri birtingarmynd.
Lesarar 1-4 eða allir		Þótt fjöldanum finnist það skrytið, þá frábært ég jafnan það tel, að kurteisi kostar svo lítið en kemur sér alstaðar vel.

ORÐ (Þórarinn Eldjárn)

Tveir lesarar:	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
(bætist við einn lesari)	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
(einn bætist við eða fleiri)	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
(fleiri bætast við)	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
(fleiri bætast við)	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
(fleiri bætast við)	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
(allur hópurinn)	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
(lesið sterkt)	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði ORÐAFORÐI